

Minningar og heimildasöfn

eftir Lillian Allen

Lína
Bugða
Löggun
Form
Tákn
Óslitinn hringur

Myndlistin spyr ekki aðeins hvað við munum heldur hvað við munum eftir að muna. Rithöfundar skrifa sögur. Ljóðskáld eins og ég laða fram myndir og kenndir með orðum og hljóðum. Dansarar nota hreyfingar líkamans eins og pensilstrokur. En myndlistarmaður getur með látbragði skilað okkur aftur inn í minningalandslag okkar, svo að við veltum fyrir okkur sérkennum í sögum einstaklinga og hugleiðum líf okkar sem þætti í vegferð mannsins.

Í þessari röð af verkum, *Minningar og heimildasöfn*, skilar Aaron Mitchell okkur sem einstaklingum til okkar sjálfra og sem hópi til sagna okkar. Áhorfandinn á þess kost að íhuga ýmis einföld atriði í daglegu lífi; hringla, hnifur, gaffall, gamall raksturshnifur, straujárnr, reiðhjól og bækur, sem nú hafa hlotið upphæfð í vitund okkar vegna þess að lista-maðurinn gaf þeim gaum. Í landslaginu sem Mitchell hefur skapað standa þessir óeftirtektarverðu hlutir nú sem „hefðbundin“ eða „viðhafnarleg“ verk og skora á áhorfandann að endurskoða samband sitt við þá. Við neyðumst til að kanna hin mörgu lög og blæbrigði í hverjum hlut þar sem hann stendur uppabúinn og grafkyrr og krefst athygli okkar. Þessir hlutir verða tákn, eða dyr, sem lista-maðurinn vonar að muni koma okkur sem hópi í samband við okkar innri mann, skapa tengsl við hvert annað og við hið tilbúna menningar-umhverfi okkar. Mestu máli skiptir þó að sýningin *Minningar og heimildasöfn* beinir okkur aftur að helgiathöfninni; mannlegum gjörningi með skýran tilgang.

Í myndlist Mitchells er fjallað um aðlögun/aflögun þar sem hann fer um ný landsvæði, bjargar persónulegri sögu sinni og varðveitir hana, fléttar sína eigin þætti inn í vef mannkynssögunnar. Hann rekur líf sitt og list með þessum samfellda þræði, fléttar brot sín úr hugmyndaheimi Kanadamanna inn í menningarsvið Íslands, samfélags sem hann þekkir bæði gegnum fjölskyldu sína og sem útlendingur. Um leið hefur Mitchell umbylt þáttum úr Kanadafrásögninni sem nú hafa endurskapast við reynslu hans af íslenskri menningu og landslagi. Mitchell er hluti af vefnum, sögunni og menningunni í báðum löndum og myndlist hans minnir okkur á að við göngum ekki aðeins í fótspor annarra, heldur göngum við einnig *samferða* öðrum. Í samhengi við innpakkaða hluti Mitchells erum við ekki einangraðir einstaklingar, við tilheyrum reynslu mannkynsins og eigum sameiginlegar rætur.

Með því að pakka hlutum sínum vandvirkislega inn gerir Aaron Mitchell okkur þært að skynja hlutina, ekki eins og við rekumst á þá í daglegu lífi, heldur sem félaga á lífsleiðinni. Hlutirnir bjóða okkur að skynja og viðurkenna gildi sitt í lífi okkar. Fyrir tilvernað myndlistar Mitchells eru verðmæti bundin í þessum munum. Hann beitir imyndunaraflí sínu gagnvart hlutum sem eru okkur nauðsynlegir. Hver hlutur er valinn af kostgæfni vegna minninganna sem hann geymir fyrir okkur og hlutverksins sem hann hefur haft í lífi okkar. Með því að umbreyta þessum munum hefur Mitchell tekist að varðveita kjarnann í hverjum hlut.

Minningar og heimildasöfn er innsetning sem er mitt á milli þess að vera kyrrlífsmynd og skúlptúr. Með því að pakka hlutunum inn fjarlægir Mitchell öll upphafleg ummerki um lit, við, málmal eða málningu. Þau hafa öll verið útmáð svo við getum hvert og eitt bætt inn okkar eigin sögu, okkar eigin frásögn. Það er þetta sem listamaðurinn ætlar okkur; innganga sem kemur af stað flóði í imyndun okkar, eins og sú reynsla Mitchells sjálfs að alast upp í húsi á kafi í bókum. Að opna bók eftir bók og ganga inn í þær eins og um dyr. Bækur sem pakkað hefur verið inn í ólíkum heimum — heimum nútíðarinnar, fortíðarinnar, framtíðarinnar og heimum sem kalla fram aðra heima. *Að ganga inn í hvern hlut eins og um dyr.*

Um leið og við skoðum hluti Mitchells halda þeir fyrir okkur sýningu. Þeir standa uppabúin og grafkyrrir, lýstir upp aftan frá og með mildum kastljósum og vekja einbeitta athygli okkar. Við fáum hugboð um að einhver helgi hvíli yfir þeim. Við skyggnumst um og erum lokkuð inn á svið persónulegrar þrjár og einstaklingsbundins og sameiginlegs minnis.



Hvítur og óbleiktur striginn sem notaður er til að sveipa um hlutina er grófur og hrár og myndar nýtt landslag. Þegar við höfum stigið inn vörpum við minningum okkar á þennan striga eða endurheimtum þær þaðan sem og tengsl okkar við aðra. Með því að leggja mjúkt efni á hart yfirborð hlutanna gerir Mitchell þá snertanlega og viðkvæma, móttækilega fyrir mannlægri blíðu. Eitthvað hart og afmarkað er nú gert meðfærilegt og gegnsætt.

Um leið og Mitchell fylgir gætilega og vandvirkislega útlínum þessara annars venjulegu, jafnvel ómerkilegu hluta, beinir hann okkur aftur til helgisíðanna; að athygli og tilgangi í hversdagslífinu. Með innpökkuninni dregur hann fram hreinleika formsins í þessum hlutum og veitir okkur nánast óhlutbundna sýn á hornlögum, línur og form. Ekki er hægt að leiða hjá sér vísunina til líksmurningar eða yfirfærðrar merkingar sagnarinnar að binda. Gegnum þessa vísun áttum við okkur á því að við stöndum andspænis einhverju þýðingarmiklu og eitthvað hefur verið varðveitt sem er þess virði.

Innpökkun Mitchells minnir á sóttþreinsaðar sáraumbúðir og við gerum okkur ljóst að það er með hönd listamannsins, „blíðlegum saumsporur“ hans, sem þessum hlutum er bjargað og þeir ganga í endurnýjun lífdaga. Við skynjum grafarþögn vegna þess að við vitum að hér er verið að lagfæra eitthvað dýrmætt og skila því til okkar. Við finnum ekki hjá okkur hvöt til að stökkva á þessi verk eða skaka þeim til heldur að mæta þeim af mikilli varfærni líkt og í eins konar hugleiðslu. Innsetning Mitchells býður okkur að hugleiða innri starfsemi hluta, og hugans, í hlutgerðu ástandi.

Innpökkunin er líka töfrum gæddur verknður eins og gjöf. Pakkargjöf. Í innsetningu Mitchells er hún leið til að bæði hljóta og sýna virðingarvott. Mannleg tilvera er full af göngum. Við búum til helgisíði til heiðurs og helgisíði í tilefni af upphafi og endalokum og helgisíði til að marka breytingar. Við kveðjum ástvíni okkar, en hlutunum sem við notum daglega og eru svo stór þáttur í lífi okkar og svo stór þáttur í því hver við erum er yfirleitt fleygt án þess að þeim sé sýndur sómi. Mikilvægi þeirra eða samhengi þeirra í lífi okkar er ekki viðurkennt og látið í ljós.


Til að gefa sig að myndlist Mitchells verður áhorfandinn að losa um minni sitt og múmiulegt ástand dulvitundarinnar til að íhuga og eiga orðastað við andann í hlutum Mitchells og fjölbreytnina í tengslum okkar við hlutina. Þegar við losum þannig um minnið umbreytast minningar

okkar og einstaklingsbundið sjónarhorn í félagslegt ferli vegna þess að við tengjumst böndum um leið og við áttum okkur á sameiginlegri reynslu, sameiginlegum rótum.

Þar sem innsetning Mitchells er útfærð í rými safnsins með hráleika sínum, mismunandi andardrætti, þögn, yfirvegaðri staðsetningu og sérstakri lýsingu stuðlar hún að íhugulli hægd endurminningar og hugleiðslu. Sem þátt í innsetningunni hefur Mitchell gert tækniteikningar af hlutunum í upphaflegu ástandi og upphaflegum litum þeirra, eins og við erum von þeim við daglega notkun. Þetta flækir reynslu okkar af hlutunum. Þessum teikningum er stillt upp sem vísindalegum plöggum og vísun til hönnunar á sviði tilbúinnar menningar andstætt möguleikum manlegra tilfinninga.

Sé það rétt sem listamaðurinn segir að verk hans varpi fram spurningum um stöðu okkar, tíma, forgengileika og persónulegt mikilvægi verða þessar spurningar ennþá áleitnari þegar við gerum okkur ljóst hvað verk Mitchells gefur til kynna; að þessir hlutir munu einn góðan veðurdag endurspegla sögu okkar og anda í augum kynslóða framtíðarinnar.

Lína
Bugða
Löggun
Form
Tákn
Hringur menningarinnar



Aaron Mitchell

November 8 – December 14, 2003

Memories
and Archives